

# Fundargerð

15. fundur í umhverfis- skipulags- og byggingarnefnd.

Þriðjudaginn 15. apríl kl. 17:00 kom USB saman til fundar að Fjarðarvegi 3, 680 Þórshöfn.

Mætt: Sigurður Jóhannes Jónsson, Sóley Indriðadóttir, Vífill Þorfinnsson og Jóhanna Helgadóttir. Einnig sátu fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, Björn G. Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra og Cornelis A. M. frá Umhverfisstofnun.

## Dagskrá.

### 1. Mál. Sorpmál í Langanesbyggð.

- Staðsetning gámasvæðis, Háholt 6, samþykkt samhljóða.
- Undirbúningur flokkunar.
- Urðun 1 brennsla ( Bakkafj. – Húsavík).

Cornelis sýndi glærur frá Umhverfisstofnun, ýmsar staðreyndir um sorpmál. Staðreyndir um heimilis- og rekstrarúrgang aukning sorps, magn og samsetning, sorphirðu- og sorpeyðingargjöld, meðhöndlun úrgangs ( ný lög ), landsáætlun markmið. Þörf er á sérstökum lausnum á Íslandi vegna aðstæðna t.d. orkuverðs og landrýmis ein lausnin er úrvinnslusjóður. “ Framtíðarsýn Langanesbyggð”.

- Einn urðunarstaður, 2 gámasvæði.
- Meiri flokkun.
- Minni úrgangur ( koma í veg fyrir myndun).
- Svæðisaætlun 2005 – 2020.
- Aukið magn flutt burtu.
- Aukin endurvinnsla heima fyrir.
- Samþykkt og rétt gjaldskrá fyrir sorphirðu, flokkun, urðun mengurnbótareglan.

Cornelis leggur til að þegar núverandi sorphaugum verði lokað verði sótt um leyfi til að urða þar óvirkan úrgang, t.d. steypu, postulín, gler o.fl.

#### Forsendur:

- Nokkuð stöðugur íbúafjöldi
- Vinna tölfraði
- Ný gjaldskrá fyrir sorphirðu og eyðingu
- Úttekt á magni og tegund úrgangs sem fellur til
- Skoða mögulegan farveg fyrir hvern flokk, útboð.
- Gera heildstæða kostnaðaráætlun.
- Fræðsla til íbúa um breytingar, rökstuðningur
- Endurnýjun starfsleyfis urðunar, ný starfsleyfi gámasvæði
- Um 825 tonn á ári, í urðun nú 550 tonn

- Afskekkt byggð skv. skilgreiningu EU.

Úrgangur á ekki að vera á ábyrgð eða vandamál sveitarfélags heldur á ábyrgð úrgangshafa. Úrgangshafi þarf alltaf að greiða fyrir meðhöndlun úrgangs sem frá honum kemur, á einn eða annan hátt.

Fenol.is vefsíða fagaðila um meðhöndlun úrgangs starfa sem ráðgjafar fyrir t.d. sveitarfélög.

Umræður eftir glærusýningu. Vífill kosinn varaformaður USB.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:55.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.